



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Aðalfundur 25. apríl 2023

Staðsetning fundar: Verkís

Dagsetning: þri 25.04.2023 kl. 14:30

Mætt: Stjórnarmenn: ÍP, RÓM, SHS, AÁ, ASJ, AK, SÓB. Fjarverandi: OÁ.

Fundargestir: Aðildafélagar GB, þ.e. fulltrúar FSRE, ASK arkitektar, VA arkitektar, EFLA, Reykjavíkurborg, VSB, Iðan, VSÓ, ASK, Húsasmiðjan, Landsvirkjan, HMS, Lendager, Búseti, Umhverfisstofnun, Verkís, T.ark arkitektar, Vista verkfræðistofu, Reitir, Ölfusborg, Hornsteinn, OG synir, Reginn, ISAVIA og Alverk.

Fyrir aðalfundarstörf hélt Pia Öhrling hjá Piacon AB erindi um mikilvægi vistvænnar mannvirkjagerðar og helstu áherslur á þessu sviði í Svíþjóð.

Fundarritari: AK

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓM), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Kosinn er fundarritari Alexandra og fundarstjóri Áróra.

2. Skýrsla stjórnar

Ragnar, formaður stjórnar, fer yfir skýrslu stjórnar og starfsemi félagsins. Reglubundnir stjórnarfundir voru ca mánaðarlega, ýmist á Teams eða á stað.

Græna skóflan, verðlaun fyrir vistvæna mannvirkjagerð, var veitt í fyrsta skipti á árinu 2022. Verðlaun og viðurkenning sem fellur að markmiðum stjórnvalda í nýkynntri aðgerðaráætlun. Hægt verður að útfæra og móta verðlaunin áfram.

Stjórnarmeðlimir sátu í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíð, vegvísis um vistvænni mannvirkjagerð, sem kynntur var vorið 2022. Halda þarf vegvísinum við, og verður GB áfram mikilvægur aðili í skipulagi og samráði með sterkt samband við húsnæðisyfirvöld. Heimasíða verkefnisins er bgf.is

Fjölgun starfsfólks GB á árinu 2022: úr 1 í 4, þar af þrír sem sinna alfarið rannsóknarstörfum sem GB hefur verið úthlutað, og líkur á að þörf verði á enn meiri fjölgun. Auk þessa eru fengnir til ýmissa verkefna starfsmenn í hlutastörf, t.d. háskólanemendur.



Lög félagsins voru endurskoðuð m.t.t. nýrra tíma og aukinna umsvifa í starfi. Tillögur að lagabreytingum verða kynntar á seinni stigum.

Umræða hefur verið á seinustu árum um hvort að GB taki að sér veigameira hlutverk í tengslum við BRE á Íslandi (BREEAM Champion), en hefur stjórnin beðið með slíka ákvörðun á meðan vöxtur félagsins hefur verið eins og raun hefur borið vitni. Umboðsmennska BREEAM og/eða rekstur myndi kalla á nýtt rekstrarform, og væri e.t.v. betur hagað í samstarfi við aðildafélag eða annað félag í rekstri.

Áróra fór yfir félagatal GB. Í lok árs 2022 voru 55 aðildafélög að Grænni byggð; 6 í 1. flokki, 8 í 2. flokki, 36 í 3. flokki, 5 einstaklingsaðilar. Þá fór Áróra yfir rannsóknarverkefni á árinu, en yfirlit er að finna í ársskýrslu Grænnar byggðar. Þar er að finna rannsóknarverkefni með styrkjum frá Ask mannvirkjarannsóknarsjóði, Umhverfissráðuneyti, CIRCON verkefni, Nordic Networks for Circular Construction og Losunarlausir verkstaðir (Nordic Sustainable Construction).

Ýmsir viðburðir voru haldnir á árinu, rafræn málþing með systursamtökum á Norðurlöndunum, allnokkrir morgunfundir, málþing um orkunýtingu í byggingum, aðalfundur og Dagur grænni byggðar 2022, og fjölmargir verða á dagskrá komandi misseri.

3. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár

Ragnar fór yfir starfsáætlun og áherslur stjórnar 2023. Starfsáætlun og áherslur að þessu sinni byggir á mjög góðum grunni, þ.e. markáætlun sem var uppfærð í upphafi árs 2023. Áherslur auðvelda stjórn að taka ákvarðanir varðandi hin ýmsu mál.

REKSTUR	STARFSEMI	ÁHERSLUR
Að treysta fjárhagslegar stoðir félagsins með því að efla samstarf um rannsóknir innan WGBC og innlendra stofnanna	Að efla Dag Grænni byggðar	Efnahagslegir hvatar til aukinnar sjálfbærni
Að búa félaginu eigin aðstöðu sem rúmar alla starfsemi þess	Að halda árlega tvö málþing um tiltekin málefni í samstarfi við aðra	Vegvísir fyrir aðildarfélög um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð
Að skjalfesta starfsmannastefnu félagsins	Að móta samfélagsverðlaun Grænni byggðar	Hringrásarhagkerfið og lífsferill hringrásar, gæði, endurnýting og minni sóun
Að ganga frá umsókn um aukna aðild að WGBC og styrkja tengsl Grænni byggðar við önnur félög í Evrópu	Að skipuleggja og halda minnst 6 morgunverðarfundi með svipuðu sniði og var fyrir samkomutakmarkanir	Aðgerðir í loftslagsmálum
	Að veita stjórnvöldum ráðgjöf um stefnumótun á vettvangi sjálfbærni	Heilsa og vellíðan
		Innivist - heilsa, hljóð, sjón og snerting
		Nýsköpun og uppbygging
		Ábyrg neysla og framleiðsla
		Mat á sjálfbærni mannvirkja
		Sjálfbærar borgir og samfélög
		Vistvænt skipulag



4. Reikningsskil og fjárhagsáætlun stjórnar

Áróra fór yfir **ársreikning** ársins 2022. Helstu tekjur: Aðildagjöld eru tæplega 12mkr og styrkir rúmlega 20mkr. Helstu útgjöld: Laun og launatengd gjöld rúmlega 22mkr og aðkeypt þjónusta um 11mkr.

Í yfirferð var gerð athugasemd við að útistandandi krafa félagsins til pólska GBC, með gjalddaga í des (eindaga í jan), sé skilgreind sem tap en ekki útistandandi krafa. Þetta mun gera það að verkum að á árinu 2023 verður skilgreindur mikill „hagnaður“.

Einnig gerð athugasemd við að ársreikningur væri ekki borinn til samþykktar líkt og venja er, en engin krafa er gerð um slíkt í lögum félagsins. Var hvatt til þess að það yrði engu að síður gert á næsta aðalfundi, enda slíkt dæmi um góða stjórnarhætti. Var það þó áréttað af framkvæmdastjóra að ársreikningur endurskoðanda var rýndur af framkvæmdarstjóra, sendur til skoðunarmanna og stjórnar fyrir aðalfund, áður en hann var svo kynntur á fundi.

Áróra fór yfir **fjárhagsáætlun** ársins 2023. Gert er ráð fyrir ráðstöfunartekjum um 62mkr, verkefnastyrkir og aðildagjöld, og alls kostnaðarliðum um 56mkr, þ.m.t. laun, rekstur og viðburðastjórnun.

Áður en farið var í næsta fundarlið hélt Arnhildur Pálmadóttir, arkitekt hjá Lendager, erindi um hönnun umhverfisvænna bygginga, m.a. með endurnotaðri steypu og endurnýttu timbri.

5. Kjör stjórnar

Áróra fór yfir stjórnarkjör aðalfundar. Til kjörs voru þrjú sæti, þ.e. sæti þeirra Írisar, Olgu og Önnu Sigríðar í núverandi stjórn. Hafa þær allar boðið sig áfram til áframhaldandi stjórnarsetu. Óskað var eftir fleiri framboðum á fundi. Ekki bárust fleiri framboð og voru fyrrgreindir aðilar því sjálfkjörnir til áframhaldandi setu í stjórn. Þá voru skoðunarmenn einnig sjálfkjörnir.

6. Tillögur og breytingar á lögum félagsins

Ragnar fór yfir tillögur að lagabreytingum og aðdraganda. Á aðalfundi ársins 2022 spannst umræða um mál þar sem í ljós hefur komið að núverandi lög draga úr möguleikum stjórnar til þess að aðlaga aðildargjöld að starfseminni á hverjum tíma og einnig hvernig samsetning stjórnarinnar er hverju sinni. Komu fram hugmyndir um að efna til aukaaðalfundar þar sem hægt væri að fara ítarlega í saumana á lögum félagsins.

Stjórn Grænni byggðar greindi inntak laganna og lagði fyrir fundinn tillögur að breytingu þeirra sem er ætlað að bæta stjórnun félagsins á tímabili þegar félagið hefur ört vaxandi hlutverki og ábyrgð að gegna. Gerð var grein fyrir þeim atriðum sem stjórnin taldi nauðsynlegt að breyta í greinum 4, 5 og 6.

Um 4. grein

Í fjórðu grein er sagt fyrir um hvernig taka skuli við umsóknum í félagið og hvernig skuli ákvarða félagsgjöld. Einnig er fjallað um aðild að félaginu og hver sé ávinningur mismunandi aðildarflokka.



Hér vill stjórnin benda á að eins og orðalag greinarinnar er varðandi umsókn um aðild, þá endurspeglar það ekki með hvaða hætti umsóknir berast til félagsins í dag. Um umsóknir segir í lögnum: „**Umsóknum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi.**“ Í dag sækja umsækjendur rafrænt um aðild í gegnum heimasíðu félagsins og er það mun handhægara en að bera umsóknir upp við stjórnina. Auk þess er ekki að sjá í lögnum að stjórnin hafi nokkurn möguleika á að hafna umsókn þar sem ekki er að finna nein viðmið í lögnum til þess að meta hæfi umsækjenda. Það er því óþarft að stjórnin komi að umsóknarferlinu. Vegna þessa þykir okkur í stjórninni rétt að leggja til eftirfarandi breytingu á málsgreininni: **Umsókn um aðild skal fara fram með þeim hætti sem stjórnin ákveður hverju sinni.** Tillögunni til frekari stuðnings skal á það bent að í 6. gr. laganna segir: „Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda...“ og getur hún því einnig stýrt þessu máli.

Varðandi ákvörðun félagsgjalda þá segir í greininni að „**Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund.**“ Venju samkvæmt er aðalfundur jafnan haldinn í apríl á hverju ári. Þessi skilyrði um ákvörðun árgjalds gera stjórn félagsins erfitt fyrir að bregðast við verðlagssveiflum á borð við þær sem við upplifum nú af því að breyting gerð á aðalfundi kemur fyrst til innheimtu tæpu ári eftir að gjaldinu er breytt. Stjórnin leggur því til eftirfarandi breytingu á þessu ákvæði: **Stjórn félagsins ákvarðar árgjald fyrir upphaf hvers árs. Við ákvörðunina skal stjórnin taka mið af almennri verðlagsþróun og fjárhagsstöðu félagsins og gæta jafnræðis milli aðildarflokka.** Er þessi breyting í samræmi við þær óskir sem fram voru settar á aðalfundi 2022 og rakið var í inngangi þessa erindis.

Í greininni segir um skipan aðila í flokka: „**Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í.**“

Stjórninni þykir þessi setning ekki lýsa nægjanlega vel hvernig þetta gerist í raun og leggur til eftirfarandi orðalagsbreytingu: **Aðilar greiða það árgjald sem tilheyrir þeim aðildarflokki sem þeir hafa valið sér í umsókn sinni** og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í.

Í greininni segir: „*Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi.*“ Stjórninni þykir staðsetning þessa ákvæðis sérkennileg og villandi. Umboð aðalfundarfulltrúa er skilgreint í grein 5 sem fjallar um aðalfund og þar kemur fram að aðeins má skipa einn aðalfundarfulltrúa fyrir hvern aðila og að þeir einir geti greitt atkvæði á aðalfundinum. Því er lagt til að þetta ákvæði verði fella úr 4. grein.

Í greininni segir fyrir um hvernig tilkynna skuli úrsögn úr félaginu. Þar stendur: „*Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.*“ Ákvæðið er gott og gilt þegar kemur að úrsögn en í greinina vantar að segja fyrir um hvernig aðildarfélög tilkynna færslu á milli aðildarflokka. Vegna þess að aðildarflokkarnir segja fyrir um fjölda atkvæða á aðalfundi, má ekki leika vafi á því í hvaða aðildarflokki aðildarfélag skipar þegar kemur að aðalfundi. Því vill stjórnin leggja til að bæta inn eftirfarandi breytingu á setningunni sem hljómar þá svona: **Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn eða færslu milli aðildarflokka** fyrir 1. febrúar ár hvert.

Greinin í heild sinni inniheldur einungis ein greinarskil. Þetta gerir lestur og skilning á innihaldi erfiðara um vik. Stjórnin leggur því til að greininni verði breytt á þann veg að greinarskil komi þar sem skipt er um helstu málefni (Aðild, umsókn, aðildargjöld, aðildarflokkar og úrsögn). Tillaga stjórnar með öllum breytingum hljóðar því svona:



Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir, einstaklingar og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá geta einstaklingar sótt um stuðningsaðild. **Umsókn um aðild skal fara fram með þeim hætti sem stjórnin ákveður hverju sinni.**

Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. **Stjórn félagsins ákvarðar árgjald fyrir upphaf hvers árs. Við ákvörðunina skal stjórnin taka mið af almennri verðlagsþróun og fjárhagsstöðu félagsins og gæta jafnræðis milli aðildarflokka.**

Aðilar greiða það árgjald sem tilheyrir þeim aðildarflokki sem þeir hafa valið sér í umsókn sinni og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 4. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokk með tvö atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokk með fjögur atkvæði á aðalfundi og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með sex atkvæði á aðalfundi. Stjórn félagsins ákveður nánar um hvaða ávinning einstakir flokkar aðildar hafa, annan en atkvæðavægi.

Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn **eða færslu milli aðildarflokka** fyrir 1. febrúar ár hvert.

Um 5. grein

Í fimmtu grein er fjallað um aðalfund félagsins, tilgang hans, boðun og skipan aðalfundarfulltrúa, hlutverk þeirra og dagkrá fundarins. Í greininni er sagt fyrir um að aðildarfélög geti sent áheyrnarfulltrúa: „**Heimilt er aðilum að senda áheyrnarfulltrúa á aðalfund enda skulu þeir fyrirfram tilkynntir stjórn félagsins.**“

Það hefur ekki tíðkast á aðalfundum síðustu fimm ár a.m.k. að aðildarfélög tilkynni áheyrnarfulltrúa og stjórnin sér ekki ástæðu til þess að slíkt sé gert svo lengi sem það er ljóst hver sé aðalfundarfulltrúi félaga. Því vill stjórnin leggja til breytingu á þessu ákvæði á þann veg að fella niður þetta ákvæði en í staðin setja eftirfarandi viðbót til að áréttu hvert sé hlutverk áheyrnarfulltrúa: **Heimilt er aðilum að senda áheyrnarfulltrúa á aðalfund sem þó fer ekki með atkvæðisrétt.**

Í greininni er líka tilgreint hverjir megi tilgreina aðildarfulltrúa. Lögin segja: „**Aðilar sem hafa staðið skil á greiðslum félagsgjalda við upphaf aðalfundar hafa heimild til að tilnefna aðalfundarfulltrúa.**“ Þetta þýðir að aðildarfélög sem ekki hafa greitt aðildargjöld megi taka þátt í aðalfundinum með því að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Þetta þykir stjórninni ekki vera nógu skýrt og vill leggja til eftirfarandi breytingu: „**Aðilar sem hafa staðið skil á greiðslum félagsgjalda við upphaf aðalfundar hafa heimild til að taka þátt í aðalfundi.**“

Með ofanefndum breytingum mun greinin líta svona út:

Æðsta vald í málefnum félagsins hefur aðalfundur.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir 1. maí ár hvert.

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar bréflaga eða með rafpósti með minnst 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Aðilar skulu skipa einn aðalfundarfulltrúa hver. Heimilt er aðilum að senda áheyrnarfulltrúa á aðalfund sem þó fer ekki með atkvæðisrétt.

Aðilar sem hafa staðið skil á greiðslum félagsgjalda við upphaf aðalfundar hafa heimild til að taka þátt í aðalfundi.

Aðalfundarfulltrúar hafa umboð til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem fyrir aðalfundi liggja, enda hafi þeirra verið getið samkvæmt boðaðri dagskrá aðalfundar.

Atkvæðisréttur aðalfundarfulltrúa veltur á þeim flokki aðila sem félagsgjöld hafa verið greidd fyrir.



Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Einnig skal kosinn ritari fundarins.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
3. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
4. Reikningsskil.
5. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.
6. Kjör stjórnar.
7. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9.gr.)
8. Önnur mál.

Auka aðalfund skal halda ef aðilar með 2/3 skráðs atkvæðamagns óska þess. Einnig ef tveir stjórnarmenn krefjast þess eða framkvæmdastjóri.

Um 6. grein

Í sjöttu grein er fjallað um stjórn félagsins, kosningu í stjórn, skipunartíma og skipan hennar. Í greininni segir: „Stjórn félagsins skal skipuð **fimm mönnum auk tveggja varamanna.**“ Í störfum stjórnarinnar hefur myndast sú hefð að ekki sé gerður greinarmunur á aðalmönnum og varamönnum. Allir í stjórninni hafa sömu möguleika á að koma að sjónarmiðum sínum og hafa áhrif á niðurstöður stjórnarinnar í einstökum málum. Þá hafa stjórnarfundir aldrei verið það fámennir að ekki hafi verið hægt að taka ákvarðanir fyrir félagið, enda er á okkar tímum orðið mikið auðveldara að halda fundi hvort sem er stafrænt eða í raun. Því vill stjórnin leggja til að breyta setningunni á eftirfarandi veg: **Stjórn félagsins skal skipuð **sjö einstaklingum.****

Í greininni er ákvæði sem tilheyrir stofnfundi félagsins og er í raun óþarfi að halda því áfram í lögunum. Stjórnin vill því gera tillögu að eftirfarandi breytingu. Ákvæðið sem segir: „**Á stofnfundi skulu tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs en hinir þrír skulu kosnir til tveggja ára. Annar varamaðurinn skal kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs**“ verði fellt niður. Í stað þess verður næsta setning breytt á eftirfarandi hátt þar sem rauðlitað er fellt niður og grænritað bætt við: **Framvegis skulu (tveir) þrír einstaklingar kosnir í stjórn auk varamanns annað hvert ár frá fyrsta aðalfundi eftir stofnfund en (þrír) fjórir skulu kosnir auk varamanns hitt árið annað hvert ár frá öðrum aðalfundi.**

Þar sem um aðalfundarfulltrúa er fjallað í 4. grein leggur stjórnin til að eftirfarandi setningu í 5. Grein veði breytt á eftirfarandi hátt:

„Aðeins fulltrúar **þeirra** aðildarfélaga og einstaklingsaðilar **sem tilnefndir hafa verið** eru kjörgengir til stjórnar félagsins á aðalfundi.“

Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Þrír eru kosnir eitt árið og fjórir eru kosnir það næsta. Þetta þýðir að möguleiki er á því að aðildarfélag sé með tvo stjórnarmenn í stjórninni á sama tíma. Var á þetta bent á aðalfundi ársins 2022 og var það skoðun þeirra sem tóku til máls að þetta hafi líklega ekki verið áætlun stofnenda félagsins enda rýrir þetta mjög lýðræðislega uppbyggingu félagsins. Því vill stjórnin leggja til nýja viðbót við greinina sem hljóðar svo: **Hvert aðildarfélag getur aðeins haft einn fulltrúa í stjórn hverju sinni.**

Um kosningu stjórnarmanna segir í greininni: „**Kosning skal vera skrifleg og fer fram á aðalfundi. Það ár sem tveir stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir tveir frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni. Það ár sem þrír stjórnarmenn eru í kjöri, skulu þeir þrír frambjóðendur er flest atkvæði hljóta vera aðalmenn en varamaður sá er næstur kemur í röðinni.**“ Þessa setningu þarf að laga



samhliða því að varamenn eru felldir burt úr stjórninni í breytingunni hér á undan. Stjórnin leggur því til að í staðin fyrir ofangreint ákvæði komi eftirfarandi breyting: **Kosning fer fram á aðalfundi og skal vera skrifleg sé þess þörf.**

Með breyttu starfsumhverfi Grænni byggðar síðustu tvö ár, þar sem félagið hefur í auknum mæli ráðið starfsfólk til þess að sinna rannsóknarverkefnum, hefur komið í ljós að ekkert öryggisnet eða öryggisúrræði er til staðar í lögunum til þess að mæta skammtíma tekjufalli vegna verkefnanna. Sú staða hefur komið upp að félagið hefur á tímabilum átt í erfiðleikum með að fullnægja launaskyldu sinni gagnvart starfsfólki sínu. Þetta hefur gerst þegar erfiðlega hefur reynst að innheimta kostnað frá þeim sem kosta rannsóknirnar. Því vill stjórnin leggja það til að stjórn félagsins verði veitt heimild til þess að skuldsetja félagið yfir skamman tíma. Lagt er því til að setja inn viðbót við greinina sem hljóðar svo: **Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið til skamms tíma að hámarki til þess að mæta tímabundnum tekjumissi svo unnt sé að standa við skuldbindingar félagsins vegna starfsfólks og reksturs á aðstöðu.**

Um 6. Greinina gildir það sama og um 4. grein. Aðeins ein greinarskil eru í greininni en í henni eru 17 setningar. Til þess að auðvelda lestur og skilning leggur stjórnin til að fjölga greinarskilum.

Með ofanefndum breytingum mun greinin líta svona út:

Stjórn félagsins skal skipuð sjö einstaklingum.

Skulu þrjú einstaklingar kosnir í stjórn annað hvert ár en fjórir skulu kosnir hitt árið.

Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Stjórnarmenn geta verið endurkjörnir að hámarki þrisvar sinnum í röð. Stjórnarformaður, sem kosinn er af stjórn, getur að hámarki setið sem stjórnarformaður í fjögur starfsár í röð.

*Aðeins fulltrúar aðildarféлага og einstaklingsaðilar eru kjörgengir til stjórnar félagsins á aðalfundi. **Hvert aðildarfélag getur aðeins haft einn fulltrúa í stjórn hverju sinni. Kosning fer fram á aðalfundi og skal vera skrifleg sé þess þörf.** Falli atkvæði á jöfnu, skal varpa hlutkesti.*

Eftir aðalfund skiptir stjórnin sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, gjaldkeri og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður.

*Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið. **Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið til skamms tíma til þess að mæta tímabundnum tekjumissi að hámarki svo unnt sé að standa við skuldbindingar félagsins vegna starfsfólks og reksturs á aðstöðu.***

Ofangreindar tillögur voru kynntar fundargestum og lagðar til atkvæðagreiðslu.

- Breyting 1-4 á 4. grein – samþykkt samhliða
- Breyting 5 á 4. grein – rætt var að þessi lagabreyting útilokar ekki möguleika aðildaféлага á að hækka eða lækka sig um flokk eftir aðalfund (og að rukkað verði eftirstöðvar eftir því) – samþykkt samhliða.
- Breyting 6 á 4. grein – samþykkt samhliða
- Breyting 1 og 2 á 5. grein – samþykkt samhliða
- Breytingar 1-7 á 6. grein – samþykkt samhliða



7. Önnur mál

Áróra tilkynningar að búið er að opna fyrir móttöku á tilnefningum til Grænu skóflunnar á vefsvæði Grænnar byggðar.

Gólfíð opnað fyrir önnur mál en voru engin borin upp.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:23.